



Reykjavík 24.09.2020

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 23. september 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Reitur 1.172.0 Brynjureitur

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0 sem afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Klapparstíg og Vatnsstíg, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 21. september 2020.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrú Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs er að færa lóðarmörk frá miðri götu að lóðarmörkum við Laugaveg. Meðfylgjandi er greinargerð frá Landslagi sem í eru ósannindi. Þar segir m.a. að "Laugavegurinn er helsta verslunargata Reykjavíkur frá fornu fari og hefur vegna sögu og starfsemi mikið aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi bæði innlenda og erlenda." Þetta er hárrétt.

Síðan stendur "Mikið líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði." Þetta er hins vegar ekki rétt. Nú er lítið líf á Laugavegi og verslanir sem þar eru róa lífróður. Farið var í breytinguna án samtals við fjölmarga rekstraraðila sem vöruðu við lokun á alla umferð. Ótti þeirra reyndist á rökum reistur og hefur verslun hrunið. Með COVID fóru ferðamenn. Þetta er ekki pólitík heldur staðreynd. Hugur fulltrúa Flokks fólksins er hjá þeim sem hrakist hafa í burtu, hjá þeim sem undirbúa brottför og hjá þeim sem vilja reyna áfram í von um "kraftaverk". Eina von sumra er að með nýjum meirihluta verði breytingar, að hlustað verði meira á fólkið. Í greinargerð Landslags segir réttilega að helstu neikvæðu umhverfisáhrif breytinganna er að aðgengi að verslun og þjónustu beint frá bíl er verra.




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Landslags ehf. dags. 21. september 2020.



GILDANDI DEILISKIPULAG DAGS. 25.03.2003



HLUTI GILDANDI ADALSKIPULAGS 2010-2030

SKÝRINGAR



MÖRK GILDANDI DEILISKIPULAGS
NÝ MÖRK GILDANDI DEILISKIPULAGS



DEILISKIPULAGSTILLAGA

GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulag staðgr. 1.172.0, Laugavegur, Klapparstígur, Hverfisgata og Vatnsstígur, dags. 25.03.2003, síðast breytt 02.05.2018 sem þarf að breyta svo að ekki verði skörun á skipulagsmörkum á milli skipulagssvæða vegna nýs deiliskipulags fyrir hluta Laugavegar vegna göngugötu. Breytingin felst eingöngu í því að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Klapparstíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr skipulagslaga nr 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 2020 og í _____ þann _____ 2020
Tillagan var auglýst frá _____ 2020 með athugasemdafresti til _____ 2020.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2020.

REYKJAVÍKURBORG, REITUR 1.172.0
DEILISKIPULAGSBREYTING, BREYTT AFMÖRKUN, TILLAGA
HVERFISG., VATNSST., KLAPPARSTÍGUR OG LAUGAVEGUR

KVARDI-A2: 1:500	TEIKN NR:
DAGS: 21.09.2020	HANNAÐ:
FLOKKUR: 0000-REYK-A	TEIKNAD: HN
SKRÁ: 20104-adliggjand-dskl.dwg	VERKNR: 20104

